

5. stjórnarfundur

Forma 2012 – 2013

Dags. 7.feb. 2013

Tími: kl. 16.30

Staður: Gamli skóli.

Mætt: Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Guðný Gunnlaugsdóttir, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zophóníasdóttir og Sigrún Birna Sigtryggisdóttir.

1. Til umræðu eru fyrirhugaðir fyrirlestrar Siggu Daggar. Ljóst er að hún mun koma til Akureyrar vikuna 25.feb. – 1.mars og hefur koma hennar hingað verið fjármögnuð. Áhugi er fyrir því að Sigga Dögg verði með fyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. og 2. bekk miðvikudagskvöldið 27.febrúar. Einnig er vilji fyrir því að hún verði með fyrirlestra fyrir 1. og 2. bekk en til þess þarf að ræða við stjórnvöld hér í MA.

Önnur mál:

Rætt var um fund með stjórn Hugins eins og til stóð. Stjórnin telur skynsamlegra að rætt verði við nýskipaða stjórn Hugins þegar hún tekur við í lok apríl. Þá verður hægt að leggja línurnar fyrir næsta haust í tíma.

Rætt var um stærðfræðikennslu í MA og fall nemenda. Vilji er fyrir hendi að skoða þau mál betur.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 18.00

Stefnt er að því að halda næsta fund fljótlega.

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.